



FRÉTTABRÉF

Líffræðifélags Íslands



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Agnar Ingólfsson, Blöndubakka 15

1. árg. 1. tbl. janúar 1980

Stofnun félagsins og stjórn

Líffræðifélag Íslands var stofnað á ráðstefnu, sem haldin var á vegum Líffræðistofnunar Háskólans að Hótel Loftleiofum hinn 9. desember 1979. Á stofnfundi gengu 101 í félagið. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn:

Formaður: Agnar Ingólfsson, Líffræðistofnun Háskólans. Sími 85433.

Ritari: Sigríður Guðmundsdóttir, Rannsóknarstofu Háskólans í veirufræði. Sími 21506.

Gjaldkeri: Stefán Aðalsteinsson, Rannsóknastofnun Landbúnaðarins. Sími 82230.

Varamenn: Árni Einarsson, Náttúrufræðistofnun Íslands. Sími 15487.

Hákon Aðalsteinsson, Orkustofnun. Sími 83600.

Þeir sem gerast vilja félagar á næsta aðalfundi, sem væntanlega verður haldinn í apríl 1980 eru beðnir um að hafa samband við einhvern í stjórn félagsins

Fréttabréf

Stjórn félagsins hefur ákveðið að gefa út fréttabréf, og er stefnt að því að koma út nokkrum tölublöðum á ári. Í fréttabréfinu verður starfsemi félagsins auglýst, en fréttabréfið mun einnig taka við aðsendu efni frá félagsmönnum eftir því sem rúm leyfir, einkum ef um er að ræða orðsendingar til annarra félagsmanna.

Fyrirlestrar

Seinni hluta vetrar verða haldnir 5 fyrirlestrar á vegum félagsins. Verða fyrirlestrarnir jafnan haldnir annan þriðjudag hvers mánaðar í stofu 158 í húsi verkfræði- og raunvísindadeildar, Hjarðarhaga 2 - 4, og hefjast kl. 8.30. Fyrirlestrarnir, sem eru öllum opnir, verða þessir:

Þriðjudagur 15. janúar

Þórunn Þóróardóttir: Frumframleiðnibreytingar milli ára á hafsvæðum norðan Íslands.

- - - -

Þriðjudagur 12. febrúar

Jóhann Pálsson: Taxónómískar rannsóknir á nokkrum íslenskum grösum

- - - -

Þriðjudagur 11. mars

Jakob Jakobsson: Hrun síldarstofna og breytingar á umhverfispáttum.

- - - -

Þriðjudagur 8. apríl

Guðmundur Einarsson og Logi Jónsson: Rannsóknir á lyktar- og sjónskyni fiska.

- - - -

Þriðjudagur 13. maí

Guðni Alfreðsson: Salmonella sýklar í umhverfi og dýrum héraendis

Lög Líffræðifélags Íslands.

1. Félagið heitir Líffræðifélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. Tilgangur félagsins er að efla þekkingu á líffræði, að auðvelda samband og skoðanaskipti milli félaga sinna og að auðvelda tengsl þeirra við erlenda aðila með svipuð áhugamál.
3. Félagar geta orðið allir þeir sem áhuga hafa á líffræði og vilja stuðla að framgangi hennar.
4. Stjórn félagsins skipa formaður, ritari og gjaldkeri. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn hver í sínu lagi, ásamt 2 varamönnum.
5. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir apríllok ár hvert og skal boðaður skriflega með tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
 - a. Skýrsla stjórnar.
 - b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
 - c. Lagabreytingar.
 - d. Kosning stjórnar, varamanna og tveggja endurskoðenda.
 - e. Inntaka nýrra félaga.
 - f. Ákvörðun félagsgjalda.
 - g. Önnur mál.

Lögum félagsins má einungis breyta á aðalfundi og þarf til þess einfaldan meirihluta fundarmanna. Tillögur til lagabreytinga skulu fylgja fundarboði.

6. Aðalfundur ákveður árgjald til félagsins. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis þeir, sem greitt hafa árgjald.
7. Verði félaginu slitið skulu eignir þess renna til Vísindasjóðs og verði þeim varið til að styrkja líffræðirannsóknir.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins 9. desember 1979.